

Páll Helgason skrifstofumaður

Afhending 2011/78

Afhending 2014/65

Páll Helgason fæddist 20. mars 1914 að Þórustöðum í Öngulsstaðahreppi í Eyjafirði. Lést þann 12. júní 1994. Foreldrar hans voru Helgi Eiríksson og Hólmfríður Pálsdóttir.

Páll varð gagnfræðingur frá Gagnfræðaskólanum á Akureyri 1932. Eftir gagnfræðapróf starfaði hann um 10 ára skeið sem kennari bæði sem heimiliskennari og einnig kennari við Barnaskóla Öngulstaðahrepps. Árið 1942 hóf hann störf hjá verksmiðjunum SÍS á Akureyri og starfaði þar síðar óslitið til ársins 1985.

Hann var mikil áhugamaður um félags- og menningarmál og hann sat í stjórn ungmennafélaga í heimasveit sinni. Hann var formaður Umf Áróðans 1935-1937 og UMSE 1941-42. Í stjórn Kantötukórs Ak. í nokkur ár og stjórn Tónlistarbandalags Akureyrar 1946-52 og 1956-57. Í stjórn Lífeyrissjóðs verksmiðja SÍS 1950-60, Minjasafnsins á Akureyri 1978-86 og formaður þar 1982-86. Starfaði í söngkórum í Eyjafirði og á Akureyri nær 40 ár. Hann fékk gullmerki Karlakórs Akureyrar 1970 og varð heiðursfélagi kórsins 1975. Heiðursfélagi Starfsmannafélags verksmiðjufólks SÍS og Umf. Áróðans í Öngulsstaðahreppi.

Áhugamaður um ættfræði og hagamæltur og eftir hann liggja fjölmargir söngtextar og ýmislegt annað bundið mál.

Vorvísá eftir Pál Helgason

*Vorið strýkur vanga minn*

*vinarhöndum sínum.*

*Aftan-blíður andvarinn*

*yljar huga mínum.*

*Geislar verma. Grænkar jörð*

*gleði hugann hvetur.*

*Enn er vor um Eyjafjörð*

*eftir strangan vetur.*

Páll var ókvæntur og barnlaus, en hélt fyrst heimili hjá foreldrum sínum og systkinum á Þórustöðum en síðar á Akureyri.

*Páll Helgason var dagfarsprúður maður og bar framganga hans glöggvitni um þá alúð og natni sem hann lagði í öll verk stór og smá, í starfi og leik. Hann var hlýlegur í viðmóti, glaðlegur og ræðinn. Velferð ættingja og vina, og ekki hvað síst systkinabarnanna, var honum hugleikin. (Úlfar Hauksson, Dagur 21. júní 1994).*

Afhending inniheldur sóknarvísur eftir Benedikt Benediktsson í Fjósatungu.

Afhendingaraðili er Hólmfríður Andersdóttir af afhendingum 2011//78 og 2014/65. Eldri afhendingar úr fórum Páls er sending nr. G-129, afhendingarnúmer er 169, 844, 848, 881, 888, 1018 og 2007/56.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

30. maí 2019

Kristín María Hreinsdóttir

Skjalavörður

# Héraðsskjalasafnið á Akureyri

## Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.	
<b>Páll Helgasson</b>			<b>2011 / 78</b>	
<b>AA-Páll Helgason almennt</b>		<b>1932 - 1932</b>		
2011 - AA / 1	1	1932- 1932	Bók ;Sóknarvísur eftir Benedikt Benediktsson í Fjósatungu. Komið úr fórum Páls Helgasonar, Akureyri; Sagnir af þeim er framar skráðar, safnað af Ólafi Pálssyni undirskrifað í apríl 1932.	15X10 cm. Í sama kassa er afhending nr. 2014 -65